

Fréttabréf

Félags íslenskra atvinnuflugmanna
mars 2019



REYKJAVÍK FLIGHT
SAFETY SYMPOSIUM
11 APRÍL 2019

MÁL Í FÉLAGSDÓMI:
UPPSÖGN ÓLÖGMÆT



ÞÁLFUNDUR FÍA
NÝ STJÓRN & MYNDIR

FORSETI IFALPA
VINNUHÓPUR FYRIR
KVENKYNS FLUGMENN

NÝ STJÓRN FÍA 2019-2020

Niðurstaða kosninga til stjórnar FÍA var ljós rétt eftir kl. 21:00, 28. febrúar, og tilkynnt á aðalfundi FÍA. Kosningabátttaka var góð en 49,94% félagsmanna greiddu atkvæði.

Afar mjótt var á munum í kosningu til meðstjórnenda, en einungis voru rúm 5% á milli efsta manns og neðsta á lista.

Stjórn FÍA 2019-2020 er eftirfarandi:

Formaður

Örnólfur Jónsson, ICE (2020)

Varaformaður

Guðmundur Már Þorvarðarson, ICE (2021)

Meðstjórnendur

Hafsteinn Orri Ingvason, AAI (2021)

Heimir Arnar Birgisson, AAI (2021)

Hólmar Logi Sigmundsson, LHG (2021)

Högni B. Ómarsson, ICE (2020)

Jónas E. Thorlacius, ICE (2020)

Magni Snær Steinþórsson, AIC (2020)

Sigrún Bender, ICE (2020)



FRÉTTABRÉF FÍA

Ritstjórn og umbrot: Bryndís Nielsen, bryndis@fia.is

Forsíðumynd: Shutterstock

Útgefandi: Félag íslenskra atvinnuflugmanna, mars 2019

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar FÍA til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna. Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA heimil gegn því að heimilda sé getið.

REYKJAVIK
FLIGHT SAFETY
SYMPOSIUM

APRIL 11th 2019
Hilton Reykjavik Nordica

FLUGÖRYGGI Í FARARBRODDI

Þann 11. apríl skipuleggur öryggisnefnd FÍA hina árlegu Reykjavík Flight Safety Symposium ráðstefnu. Þetta er þriðja árið í röð sem ráðstefnan er haldin og er hún farin að skipa sér sess sem mikilvægur vettvangur flugöryggismála, ekki bara á Íslandi heldur einnig víðar um heim.

Ráðstefnan fer fram á ensku og laðar að sér fólk sem tengist flugi á einn eða annan hátt víðs vegar að. Í ár eru spennandi fyrirlestrar en einnig verður gefið tímarúm fyrir fólk til að ræða saman og stofna til mikilvægrar samræðu milli fagfólks í þessum geira.

Í ár verður ráðstefnan haldin þann 11. apríl frá kl. 09:00-16: 00 á Hilton Reykjavík Nordica, en fyrirlesarar eru:

Ragnar Guðmundsson - RNSA
Marika Melin - Karolinska Institutet
Steinn Bragason - Airline Electronics Engineering Committee
Graham Braithwaite - Cranfield
José-María Lorenzo - The European Satellite Services Provider
Kristín Sigurðardóttir - Þróunarmiðstöð rannsóknarverkefna

Sjá nánar um ráðstefnuna og dagskrá hennar á bls. 8-9.

SIGUR FYRIR GUÐJÓN BJARNA

UPPSÖGN DÆMD ÓLÖGMÆT

Félagsdómur felldi dóm þann 12. mars í máli Félags íslenskra atvinnuflugmanna, fyrir hönd Guðjóns Bjarna Sigurjónssonar, gegn Samtökum atvinnulífsins, fyrir hönd Norðurflugs ehf.

Dómurinn viðurkenndi að uppsögn á ráðningarsamningi Guðjóns Bjarna að kvöldi 25. júní 2018 feli í sér brot af hálfu Norðurflugs ehf. gegn ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur og sé þar með ólögmæt.

Enginn kjarasamningur er til staðar um störf fastráðinna flugmanna hjá Norðurflugi ehf. en í stefnu var því lýst að allt frá því í maí 2018 hafi fulltrúar FÍA gert árangurslausar tilraunir til viðræðna við framkvæmdastjóra Norðurflugs ehf. um aðild flugmanna hjá fyrirtækinu að stéttarfélaginu og um gerð kjarasamnings um störf flugmanna. Tilraunir Guðjóns Bjarna, sem fulltrúa flugmannanna, til viðræðna við forsvarsmann Norðurflugs ehf. hafi að sama skapi verið árangurslausar.

Þann 25. júní staðfesti FÍA í tölvuskeyti um félagsaðild fjögurra flugmanna hjá Norðurflugi (allir fastráðnu flugmenn félagsins, utan yfirflugstjóra) en að kvöldi sama dags barst Guðjóni Bjarna uppsagnarbréf. Það var niðurstaða Félagsdóms að það sé nægilega sannað að áform hinna fjögurra flugmanna um að óska eftir aðild að FÍA, og ákveðin forganga Guðjóns Bjarna í þeim efnum, hafi verið meginástæða þess að honum var sagt upp störfum og var uppsögn hans því talin ólögmæt.

Norðurflug ehf. var dæmt til greiðslu sektar í ríkissjóð upp á 900.000 kr, auk þess að greiða stefnanda 500.000 kr. Í málskostnað.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur (lög nr. 80/1938)

4. grein

Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með:

- uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
- frjágreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

ENGLISH SUMMARY

New Union Board of FÍA

The E-voting for the FÍA Union board was concluded , 28. February 2018. The new board is as follows:

President
Örnólfur Jónsson, Icelandair (2020)
Vice President
Guðmundur Már Þorvarðarson, Icelandair (2021)
Members of the board:
Hafsteinn Orri Ingvason, AAI (2021)
Heimir Arnar Birgisson, AAI (2021)
Hólmur Logi Sigmundsson, LHG (2021)
Högni B. Ómarsson, Icelandair (2020)
Jónas E. Thorlacius, Icelandair (2020)
Magni Snær Steinþórsson, AIC (2020)
Sigrún Bender, Icelandair (2020)

Reykjavik Flight Safety Symposium

The Reykjavik Flight Safety Symposium will be held on 11. April this year, at the Hilton Reykjavik Nordica. You can now purchase your ticket for the conference on www.midi.is. Prices are kept low, only ISK 2,900 which includes a lunch buffet. The Symposium is held in English.

Landmark judgement

A landmark victory was won in a Labour Court judgement that Norðurflug had broken the law when firing helicopter pilot Guðjón Bjarni Sigurjónsson following his attempts to join FÍA.

Myndir úr starfinu:

AÐALFUNDUR FÍA 2019



Fræðslu- og öryggisfundur almannaflugs

Dagana 6.-7. apríl efnir Samgöngustofa til fræðslu- og öryggisfundar í samstarfi við Flugmálafélag Íslands með áherslu á þróun öryggismála í almannaflugi. Farið verður yfir sögu flugs, öryggismál þróun náms og réttinda flugmanna auk þess sem kynnt verður fræðsluefni frá Samgöngustofu ásamt áhugaverðri tölfraði.

Thomas Hytten, frá CAA í Noregi, fjallar um stöðu og þróun almannaflugs í Noregi og á Norðurlöndum en hann

er hluti af teymi sem vinnur að þróun rafmagnsflugvéla í Noregi í samvinnu við Avinor.

Fundurinn verður haldinn bæði í Reykjavík og á Akureyri en nánari upplýsingar, dagskrá og skráning er að finna á vef Samgöngustofu.

www.samgongustofa.is/100ara



RON ABEL, FORSETI IFALPA

Hvetjum alla kvenflugmenn til að taka þátt í vinnuhópi kvenflugmanna IFALPA



Ron Abel, forseti IFALPA

Öll aðildarfélög IFALPA hafa fengið það verkefni að hvetja kvenflugmenn til að taka þátt í starfi vinnuhópsins.

Ron Abel, forseti IFALPA, sendi út skilaboð í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars síðastliðinn, þar sem hann tilkynnti um stofnun vinnuhóps kvenflugmanna IFALPA (e. IFALPA Female Pilots' Working Group).

Tilgangur vinnuhópsins er að aðstoða samtökin og aðildarfélög þess við að standa þéttar að baki kvenflugmönnum og bæta vinnuumhverfi þeirra með mótun stefnu og aukinni upplýsingagjöf varðandi ýmisleg atriði, til að mynda:

- Þungun, fæðingarorlof, brjóstgjöf og fleira tengt barnsburði og hvaða áhrif það hefur á aldurslista.

- CRM, þ.m.t. kynjahlutdrægni og -mismunur (e. gender bias), þjálfun, áreitni, jafningjastuðning og leiðbeining (e. mentoring).

- Hvernig menning, staðalmyndir og ómeðvituð hlutdrægni hafa áhrif á ákvarðanir sem tengjast kyni og flugi heima við, í skólum og á vinnustað, og hvernig hægt er að draga úr slíkum neikvæðum áhrifum.

Að auki mun vinnuhópurinn leggja áherslu á tengslanet og eiga í samskiptum við aðra hópa innan iðnaðarins á borð við ICAO, Women in Aviation International og Young Women in Aviation, enda er þörf á að hvetja konur til að verða hluti af næstu kynslóð flugmanna.

Vinnuhópurinn mun starfa með öðrum fastanefndum IFALPA eftir þörfum.

Nina Moers, flugstjóri hjá VC (ALPA í Þýskalandi) mun leiða vinnuhópinn og starfsmaður hans verður Carole Couchman, IFALPA Senior Technical Officer and Regional Officer.

Öll aðildarfélög IFALPA hafa fengið það verkefni að hvetja kvenflugmenn þess til að taka þátt í starfi þessa vinnuhóps. Þær sem hafa áhuga á starfinu geta sent tölvupóst á Carole Couchman (carolecouchman@ifalpa.org).

Abel segir það gríðarlega mikilvægt að í hópnum séu fulltrúar alls staðar að úr heiminum, til að hægt sé að taka á öllum þeim málefnum sem varða kvenflugmenn.

AF RÁÐSTEFNUM OG FLUGSLYSARANNSÓKNUM



Ingvar Tryggvason
formaður öryggisnefndar

Reykjavík Flight Safety Symposium 2019

FÍA stendur í þriðja sinn fyrir ráðstefnunni „Reykjavík Flight Safety Symposium“ sem haldin verður 11. apríl 2019 á Hilton Reykjavík Nordica.

Þrír innlendir og þrír erlendir fyrirlesarar munu fjalla um EGNOS gervihnatta leiðsögutækni, CPDLC, öryggismenningu og margt fleira. Ráðstefnan hefur mælst vel fyrir og heppnast í alla staði mjög vel.

Þegar meðlimir ÖFÍA skipulögðu fyrstu ráðstefnuna og ákveða þurfti hver aðgangseyrir ætti að vera, varð það niðurstaðan að hafa til hliðsjónar kunnuglegt samfélagslegt viðmið, hamborgaramáltíð, sem ekki ætti að standa í neinum.

Við hvetjum félagsmenn til að mæta, en ráðstefnan laðar að m.a. flugumferðarstjóra, flugmenn og aðila úr stjórnsýslunni. Hádegishlaðborð og aðrar höfðinglegar veitingar eru innifaldar en nánari upplýsingar um dagskrána má finna á vefsíðu FÍA og midi.is.

Flugslýsarannsóknir

Starfsmenntasjóður hefur í vetur skipulagt fróðlega hádegisfyrirlestra í Hlíðasmáranum. Í febrúar komu í hús Hulda Elsa Björgvinsdóttir, yfirmaður ákærusviðs Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ásamt Geirþrúði Alfreðsdóttur, Þorkeli Ágústssyni og Ragnari Guðmundssyni hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA). Hulda Elsa og Ragnar héldu ítarleg erindi og fræddu viðstadda um hlutverk og markmið hvors aðila fyrir sig.

Lögregla rannsakar þau slys þar sem tjón hefur orðið eða mannslát. Þannig að ef flugvél skemmist að einhverju leyti eða mannskaði verður er tilefni til að lögregla rannsaki slysið. Aðkoma lögreglu byggist á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og rannsókn máls á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hlutverk lögreglu er fyrst og fremst að gæta öryggis og

almannahagsmuna ásamt því að rannsaka hvort um refsiverða háttsemi hafi verið að ræða.

Aðkoma RNSA er af allt öðru tilefni. RNSA starfar samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa, nr. 18/2013 en markmið rannsóknar RNSA er að leiða í ljós orsakir slysa eða atvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslu rannsóknarnefndar skal ekki beita sem sönnunargagn í dómsmálum.

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér starfssemi RNSA á vefsíðunni <http://www.rnsa.is/flug>

Nýverið gerðu bresk lögregluþyriföld og breskar rannsóknarnefndir með sér samkomulag en ákaflega mikilvægt er að þessir aðilar hafi skilning á hlutverki hins og hafi ekki truflandi áhrif á störf hvors annars.

Það sem af er ári

Árið hefur farið illa af stað á alþjóðavettvangi. Þann 23. febrúar fórst Boeing 767 vöruflutningabota í Texas. Það slys vakti ekki athygli íslenskra fjölmiðla, hvort orsökina er sú að um vöruflutningavél var um að ræða er ekki vitað. Þann 10. mars fórst Boeing 737 MAX8 þota í Epíopíu og í kjölfarið voru MAX8 og MAX9 vélarnar kyrrsettar eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum.

Slysið í Epíopíu hefur vakið gríðarmikla athygli, sem kemur ekki á óvart. Í kjölfar slyssins í Epíopíu sendi IFALPA frá sér yfirlýsingu þar sem IFALPA áréttaði mikilvægi þess að hið hörmulega slys yrði rannsakað af þar til bærum aðilum í samræmi við ICAO Annex 13, þar sem markmiðin eru að afla staðreynda um orsakasamhengi og þá atburðarás sem leiddi til slyssins ásamt því að gefa út tilmæli svo fyrirbyggja megi að slíkt endurtaki sig.

SKÝJABORGIR



Ágætu félagar.

Opnun fyrir sumarúthlutun í húsunum okkar er handan við hornið og verður auglýst sérstaklega með tölvupósti en verið er að biða eftir að sem flestir hafi fengið úthlutað sínum sumarfríum.

Sumarið verður með hefðbundnu sniði þ.e. húsin okkar á Akureyri og í Reykjaskógi. Einnig verður Hótel Edda í boði sem og ferðavagnastyrkur. Nánari upplýsingar á orlof.is/fia.

Göngum vel um

Það er hreinlega með ólíkindum hversu oft við í Skýjaborgum fáum tölvupósta og símtöl þar sem kvartað er yfir umgengni í húsunum okkar. Við vitum að skitastuðull félagsmanna er mismunandi en það er hinsvegar sorglegt hversu margir þrifa nánast ekkert eftir sig, hvað þá aðeins meira en samkvæmt algjörum lágmarkskröfum. Þeir sem treysta sér ekki til að þrifa almenninglega verða hreinlega að kaupa þrifaþjónustu þar sem það á við.


Afbókunargjald hækkar

Í vetur hefur borið nokkuð mikið á að félagsmenn séu að hætta við leigur og það jafnvel á síðustu stundu og er það miður. Í nokkurn tíma hefur verið 3000 krónu afbókunargjald en nýverið var ákveðið að hækka þetta gjald í krónur 5000. Við afbókun myndast inneign í orlofskerfinu til síðari nota.

Nýtt hús í Húsafelli er að komast á reksþöl og vonumst við til að hefja framkvæmdir á þriðja ársfjórðungi þessa árs og ef allt gengur upp þá verður húsið tilbúið í leigu að ári.

Og að lokum: Ef eitthvað brotnar, bilar, bognar eða brestur þá viljum við fá að vita um slíkt svo að hægt sé að gera ráðstafanir.

Tölvupóstfangið er skyjaborgir@fia.is



REYKJAVIK FLIGHT SAFETY SYMPOSIUM

Kristín Sigurðardóttir, læknir hjá Þróunarmiðstöð rannsóknaverkefna Stress - Friend or Foe? / Resilience - So what can we do?

Kristín er slysa- og bráðalæknir en hún stundaði sérnám í London og Newcastle á Englandi. Hún starfar við Þróunarmiðstöð rannsóknaverkefna auk þess að kenna við læknadeild HÍ. Kristín heldur tvö erindi á ráðstefnunni.

Utanspítalabjónusta, forvarnir og heilsuefling hafa lengi verið Kristínu hugleikin og hefur hún sinnt kennslu og fræðslu frá því í læknadeild, bæði innan spítala, þegar hún var kennslustjóri Slysa- og bráðadeildar LSH, og utan. Hún sinnir heilbrigðisráðgjöf og fræðslu í fyrirtækjum og hefur haldið námskeið þar sem hún fjallar m.a. um streitu og áhrif hennar, bæði jákvæð

og neikvæð. En það er ýmislegt sem fólk getur gert sjálft til að takast betur á við áskoranir og þolað álag betur. Meðfram hefðbundum læknisstörfum hefur Kristín starfað sem læknir á neyðarbíl höfuðborgarsvæðisins, í þylusveit LHG og var í hópslysanevnd Landlæknis og Flugmálastjórnar sem fór víða um land og setti á svið hópslys og veitti fræðslu og ráðgjöf.

Kristín er heimshornaflakkari og hefur búið og starfað víða um heim, þar á meðal á Spáni í 7 ár þar sem hún veitti m.a. ráðgjöf til útgerðarfyrirtæja stórra fiskiskipa en í þeim störfum kynnti hún sér meðal annars heilbrigðisþjónustuna í Vestur-Afríku.

Graham Braithwaite, Cranfield University Maintaining an authentic safety culture

Graham Braithwaite er prófessor í öryggismálum og rannsókn slysa, og yfirmaður Flutningskerfa við háskólann í Cranfield, Bretlandi.

Braithwaite er með B.Sc. (Hons) í *Transport Management & Planning* og er með doktorsgráðu í öryggisstjórnun flugmála frá Loughborough háskólanum. Hann hefur sérstaklega einblínt á málefni er varða mannlega þáttinn í flugi, öryggisstjórnun og

rannsókn slysa, en nýjasta verkefnið sem hann vann að var *Regulatory Safety Assurance* fyrir CAA í Bretlandi.

Hann er jafnframt sjálfstætt starfandi öryggisráðgjafi fyrir stjórn British Airways, og situr sem sjálfstæður stjórnarmeðlimur (e. Independent Non-Executive Member) í yfirlitsnefnd öryggismála fyrir TUI.

Steinnar Bragason, Airline Electronics Engineering Committee Datalink objectives and obstacles - the safety perspective

Steinnar er flugstjóri og Nav Com sérfræðingur hjá Icelandair og er annar formanna DLUF/AEEC. Hann hefur lengi látið flugöryggismál sig varða og var meðal annars formaður öryggisnefndar FÍA frá 2001-2003. Steinnar þróaði, ásamt Spectralux, *datalink* avionics lausn og er

skráður sem uppfinningamaður þess á bandarísku sérleyfi. Hann hefur tekið þátt í ýmsum *datalink* verkefnum ICAO og IATA.

Steinnar mun fjalla um markmið með *datalink* og hvað stendur í vegi fyrir því út frá flugöryggissjónarmiði.

José-Maria Lorenzo, the European Satellite Service Provider EGNOS Service Provision

Jose Maria Lorenzo lauk M.Sc. gráðu í flugverkfræði (e. aeronautical engineering) frá Universidad Politécnica í Madrid. Á undanförunum árum hefur hann unnið að fjölda verkefna sem tengjast flest air navigation. Í fyrstu vann hann að skilgreiningu krafna við prófanir á ATC kerfi Aena (SACTA), og síðar sem eftirlitsaðili fyrir spænsku flugmálastjórnina.

Eftir nokkurra ára starf við að greina og útfæra vinnuaðferðir

Aena sem byggja á *Single European Sky* reglugerðinni gekk hann til liðs við þróunardeild ESSP-SAS í apríl 2014 sem sérfræðingur í flugþróun (e. Aviation Development Expert). Þar stýrir hann þáttum sem snúa að EGNOS vinnusamkomulagi við veitendur flugleiðsöguþjónustu (Air Navigation Service Provider - ANSP), sem eru að innleiða verkferla sem byggja á EGNOS, og vinnur við að samræma verkefni sem tengjast þjónustu EGNOS.

Ragnar Guðmundsson, stjórnandi rannsókna hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa

The road from incident to an AD

Ragnar Guðmundsson er með B.Sc. gráðu í flugvélaverkfræði frá Embry-Riddle háskólanum í Bandaríkjunum og einnig með meistaragráðu í þverfaglegri burðarþolsverkfræði frá sameiginlegri námsbraut Edinborgarháskóla og háskólans í Glasgow í Bretlandi. Lokaritgerð Ragnars var um hvort hægt væri að hafa áhrif á flæðihita þeirra límefta sem notuð eru í koltrefjaviðgerðum. Slík efni eru orðin algeng í aðal burðarvirki nútíma flugvéla, svo sem Boeing 787 og Airbus 350.

Ragnar hefur áður starfað sem umsjónarmaður burðarþolssviðs verkfræðideildar Flugleiða, deildarstjóri innkaupadeildar ITS

Tækniþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli og sem yfirhönnuður hönnunardeildar Icelandair. Hann var skipaður af samgönguráðherra sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) á árinu 2004. Ragnar var nefndarmaður hjá RNF í átta ár.

Árið 2012 varð Ragnar aðstoðarrannsóknarstjóri rannsóknarnefndar flugslysa og á árinu 2013 varð hann stjórnandi rannsókna hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA). Ragnar er einnig einkaflugmaður og býr í Reykjanesbæ ásamt eiginkonu sinni og fjórum börnum.

Marika Melin, flugsálfræðingur við Karolinska Institutet

High-flying risks

Marika Melin lauk doktorsprófi við Stokkhólmsháskóla árið 2005 og hefur frá þeim tíma unnið við rannsóknir í vinnusálfræði, fyrst við sálfræðideild Stokkhólmsháskóla en frá 2014 við Karolinska Institutet, í taugasálfræðideild. Hún hefur sérstaklega kannað hvernig breytingar á vinnumarkaði og ný viðskiptamódel sem laga sig að þörfum markaða (e. market-adjusted business models) hafa áhrif á vinnuaðstæður og, að endingu, á heilsu og hegðun starfsfólks, til að mynda er varðar öryggismál. Árið 2015 fékk hún rannsóknarstyrk til að vinna að núverandi rannsókn sinni um vinnuaðstæður, heilsu og öryggismál flugmanna.

Samhliða rannsóknavinnu hefur Melin starfað sem flugsálfræðingur, eða allt frá 2000. Árið 2006 tók hún við sem framkvæmdastjóri Scandinavian Institute of Aviation Psychology. Tengt þeirri stofnun hefur hún jafnframt starfað í tíu manna hópi sænskra sálfræðinga með sérþekkingu á málefnum flugs. Hópurinn sinnir fjölbreyttum verkefnum fyrir flugfélög, allt frá ráðningum og sálfræðilegu mati til menntunar og nýbreytni í vinnuskipulagi. Hópurinn vinnur t.d. með THAI Airways, TUIFly, FlygBRA og þónokkrum flugskólum á Norðurlöndum (Lund University School of Aviation, OSM Flight Academy)

REYKJAVÍK

FLIGHT SAFETY

SYMPOSIUM

Ráðstefnan verður haldin þann 11. apríl á Hilton Reykjavík Nordica. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu FÍA, en sala miða fer fram á www.midi.is.

DAGSKRÁ	08:30	Kaffi og skráning	12:00	Hádegisverður
	09:00	Opnunarávarp	12:50	The Road from an Incident to an AD
		Högni Ómarsson, ritari FÍA		Ragnar Guðmundsson, RNSA
	09:10	Datalink Objectives and Obstacles - the Safety Perspective	13:30	Stutt hlé
		Steinarr Bragason, Airline Electronics Engineering Committee	13:40	Maintaining an Authentic Safety Culture
				Graham Braitwaite, Cranfield
	09:50	Kaffihlé	14:30	Kaffihlé
	10:10	Stress - Friend or Foe?	14:50	EGNOS Service Provision
		Kristín Sigurðardóttir, Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna		José-Maria Lorenzo, The European Satellite Service Provider
	10:30	Stutt hlé	15:35	Lokaorð
	10:40	High-Flying Risks		Örnólfur Jónsson, formaður FÍA
		Marika Melin, Karolinska Institutet	15:45	Drykkir í móttöku
	11:20	Stutt hlé		
	11:30	Resilience - So what can we do?		
		Kristín Sigurðardóttir, Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna		

ALÞJÓÐANEFND



Kæru félagsmenn.

Alþjóðanefndin hefur unnið að ýmsum málum að undanförmu, má þar nefna aðkomu að málum sem tengjast þjálfun flugmanna, hækkun hámarksaldurs, drónaflug og margt fleira. Það er margt í alþjóðamálunum í fluginu sem skiptir okkur máli og það er hollt fyrir alla félagsmenn að hugsa aðeins um það hvað skiptir þá máli. Það er eindreginn vilji flugfélaganna að hagræða hlutum á þann veg að flugmenn þeirra geti flogið lengur og að kröfur til nýráðninga og þjálfunar séu minnkaðar svo þeim reynist auðveldara að ráða við þann flugmannaskort sem hefur verið til staðar a.m.k. sl. tvö ár eða svo og sér ekki fyrir endann á.

Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðanefndin vinnur sérstaklega náið með ECA (European Cockpit Association) og IFALPA (International Federation of Air Line Pilots' Association) og hafa þau félög/samtök sýnt það að þau hafa raddir innan alþjóðaflugsins. Flugfélögin (þá sérstaklega þau amerísku) hafa áttað sig á því að leið þeirra til að breyta einhverju í reglugerðumhverfinu er sú að þrýsta nógu mikið á ICAO til að koma sínum hagsmunum í góðan farveg. Má nefna að stjórnendur flugfélaganna hafa komist ansi langt í því markmiði sínu að lækka kröfur til flugmanna og eru kröfurnar fyrir ekki ýkja merkilegar. Leið okkar og annarra stéttarféлага til að koma í veg fyrir slík vinnubrögð er í gegnum IFALPA sem hefur sterka rödd innan ICAO. Það er hins vegar svo að ECA hefur meiri áhyggjur af þessu heldur en IFALPA (svo virðist alla veganna vera) og hafa þeir verið að setja mikinn þrýsting á IFALPA að standa í fæturna í þessu máli því sífellt minni kröfur eru ekki líklegar til að auka öryggi í fluginu.

Hver á hámarksaldurinn að vera?

Breyting á hámarksaldri flugmanna er annar þáttur sem mikið er til umræðu. Eru menn sátttir við að hætta 65 ára gamlir, vilja menn vinna lengur ef það er hægt? Hvar á að setja mörkin, 65 ára, 67 eða 70? Önnur þæling tengd þessu er sú hvað maður eldri en 65 ára ætti að fljúga mikið? Það er mikilvægt að hver og einn félagsmaður hugsi aðeins um það hvað sé sniðugt og hvað ekki, því það er pottþétt vilji flugfélaganna að reyna að hækka núverandi tölu, þá er mikilvægt að vita hvernig er best að fást við slíka hluti.

Drónar

IFALPA vinnur að tillögum til ICAO um hvernig umhverfi drónaflugs geti þróast, það er nú þegar orðið ljóst að árið 2030 verða drónar og drónaflugmenn partur af „civil aviation“ sem þýðir að þeir muni lúta að sama pakka og við. Það þarf að koma reglum á drónaflug og má geta þess að skv. spám sem IFALPA hefur undir höndum er áætlað að í Evrópu einni muni u.þ.b. 110 þúsund manns vinna við drónaflug og starfsemi sem því tengist árið 2030, engar smá tölur!


Ryanair og ECA

ECA hefur reynst ansi góður og öflugur samstarfsaðili og vil ég nefna að aðkoma þeirra í máli Ryanair flugmanna hefur verið algerlega til fyrirmyndar. Aðildarfélögin innan ECA vinna skilvirkt að því að koma Ryanair flugmönnum á kjarasamning og þó það gangi hægt þá eru málin a.m.k. nú um stundir komin í ákveðinn farveg. Að mínu mati er hægt að læra mikið af því hvernig ECA hefur unnið í þessum málum og reynt að fá löggjafann í viðkomandi löndum til að skilja út á hvaða vitleysu kjaramál hjá Ryanair oft og tíðum gengur. Þessa taktík er hægt að skoða vel og vonandi verður í framtíðinni hægt að beita sömu úrræðum á þau flugfélög sem beita áhöfnum sínum órétti sem þannig getur skekkt samkeppnisstöðu.

Fjölpjóðaflugfélög, þ.e. flugfélög með heimahöfn í mörgum löndum, hafa oftar en ekki nýtt sér þá stöðu að sækja ódýrt vinnuafli á þeim stöðum þar sem það er að finna og nýtt sér þann möguleika að láta menn vinna ódýrt á öðru svæði þar sem allt önnur kjör gilda. Því er sérstaklega mikilvægt að ná góðum úrslitum í málum Ryanair flugmanna og koma reglu á hlutina fyrir alla.

Með þessari upptalningu (sem er langt í frá tæmandi) er ég að reyna að koma því til skila hvað alþjóðanefnd FÍA er í raun að gera og vinna að þannig að félagsmenn geti gert sér grein fyrir störfum nefndarinnar.

Flugkveðjur,
Steindór Ingi Hall



Samþykktabreytingar

Sú krafa hefur aukist jafnt og þétt að sjóðfélagar fái að koma frekar að að vali stjórnarmanna lífeyrissjóðsins. Stjórn EFÍA hefur, ásamt stjórn FÍA, haft málið til skoðunar og ákveðið var að leggja til að breyta samþykktum þar sem fyrirkomulagi við val stjórnar yrði breytt. Tillagan var lögð fram á aukaársfundi sjóðsins 14. febrúar s.l og fól í sér að í stað þess að þrír fulltrúar í stjórn og þrír varamenn séu tilnefndir af stjórn FÍA myndu sjóðfélagar sjálfir kjósa stjórnarmenn í þau sæti í beinum kosningum.

Niðurstaða kosninga

Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins voru lagðar fyrir sjóðfélaga í allsherjarkosningu í kjölfar aukaársfundar. Kosningin stóð í viku og gátu sjóðfélagar kosið með einföldum hætti, rafrænt, á heimasíðu sjóðsins. Þátttaka var betri en í síðustu kosningu en má þó vera töluvert betri og standa vonir stjórnar til að þátttaka haldi áfram að aukast. Kosningaþátttaka var 19, 36% og voru breytinga-tillögunar samþykktar með afgerandi meirihluta en atkvæði féllu með eftirfarandi hætti:

- * Já : 92,49%
- * Nei : 4,23%
- * Sátu hjá: 3,29%

Athyglisvert er að sjá aldursdreifingu þátttakenda í kosningunni, á myndinni hér að neðan má sjá hlutfall hvers aldursbils sem kaus í rafrænni kosningu. Sem dæmi má nefna að 24,39% allra sjóðfélaga á aldrinum 31-40 ára tóku þátt í kosningunni en það aldursbil er með mesta þátttöku í kosningunum að þessu sinni.

Breytingartillögur

Breytingartillögur á samþykktum sjóðsins snéru allar að stjórnarkjöri og þar með tilhögun þess og tilhögun ársfundar. Í vinnu sinni við breytingarnar hafði stjórn að leiðarljósi að tryggja ákveðna samfellu í stjórninni, að ferlið væri gagnsætt og sjóðfélagar, jafnt og væntanlegir frambjóðendur, væru vel upplýstir ásamt því að tryggja aðkomu allra sjóðfélaga að stjórnarkjörinu.


Kosningafyrirkomulagið verður með þeim hætti að kosið er í hvert sæti til tveggja ára í senn. Annað árið er kosið í sæti tveggja aðalmanna og eins varamanns, seinna árið er svo kosið um sæti eins aðalmanns og tveggja varamanna. Með þessu fyrirkomulagi er tryggð ákveðin samfella og þess gætt að skipta ekki of mörgum stjórnarmönnum út í einu. Fyrir nýjan stjórnarmann er ærið verkefni að setja sig inn í málefni sjóðsins og mikil vinna sem fer í undirbúning hæfismats Fjármálaeftirlitsins ef kallað er eftir því. Með þeim rökum má segja að tvö ár séu lágmarkstími í stjórn.

Í breytingartillögunum er einnig bætt inn ákvæði sem heimilar stjórn að skipa kjörnefnd og setja henni starfsreglur. Kjörnefndin hefði það hlutverk að kalla eftir framboðum með greinagóðum auglýsingum og yfirfara þau með tilliti til bestu samsetningar stjórnar og mats á hæfi frambjóðanda. Stjórn EFÍA vonast eftir miklum áhuga sjóðfélaga á því að bjóða sig fram en hafa þarf í huga að stjórnarmaður þarf að uppfylla ákveðin hæfisskilyrði samkvæmt lögum og jafnframt að vera tilbúinn til að gangast undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins verði kallað eftir því.

Nýtum atkvæðisréttinn í vor

Að undangengnu samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytis á breyttum samþykktum sjóðsins er fyrsta stjórnarkjör sjóðsins nú í vor, á ársfundi 2019. Á þeim fundi verður kosið um tvo aðalmenn og einn varamann. Stjórn FÍA tilnefnir til eins árs einn aðalmann og tvo varamenn en þau stjórnarsæti yrði svo kosið um á ársfundi 2020. Stjórn EFÍA hefur hvatt sjóðfélaga eindregið til að sýna sjóðnum áhuga, mæta á fundi og nýta atkvæðisrétt sinn. Krafa frá sjóðfélögum um að auka sjóðfélagalýðræði er því afar ánægjuleg og vonandi tákn um enn frekari áhuga. Þátttaka í kosningum hingað til hefur því miður verið lítil og mikilvægt að sjóðfélagar nýti mun betur atkvæðisrétt sinn nú þegar kosið verður um stjórnarmenn. Lagt verður upp með að kosningar verði eftir sem áður rafrænar og sjóðfélagar hafi aðgang að stjórnarkjöri í gegnum vefsíðu sjóðsins, efa.is. Það er einlæg ósk stjórnar að þessi breyting verði til þess að kveikja enn frekar áhuga og þátttöku sjóðfélaga.

Hlutfall af aldursbili sem mætti á kjörstað



REYKJAVIK FLIGHT SAFETY SYMPOSIUM

APRIL 11th 2019
Hilton Reykjavik Nordica



Contemporary topics in flight safety

Human Factors
CPDLC
EGNOS
Incident investigations

Tickets can be purchased at www.midi.is

See a more detailed schedule at www.fia.is



Félag Íslenskra atvinnuflugmanna
Icelandic Airline Pilots Association